

157. löggjafarþing 2025–2026.

Þingskjal x — x. mál.

Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga

um aðgengi að vefsetrum og smáforritum opinberra aðila

Frá fjármála- og efnahagsráðherra.

I. KAFLI

Markmið, gildissvið og orðskýringar

1. gr.

Markmið

Markmið laga þessara er að tryggja að vefsetur og smáforrit fyrir fartæki á vegum opinberra aðila séu aðgengileg öllum, einkum fötluðu fólki, með því að gera þau skynjanleg, nothæf, skiljanleg og traust.

2. gr.

Gildissvið

Lög þessi gilda um vefsetur og smáforrit fyrir fartæki á vegum opinberra aðila.

Lögin gilda ekki um:

- Vefsetur og smáforrit fyrir fartæki á vegum útvarpsrekenda í almannabágu.
- Vefsetur og smáforrit fyrir fartæki á vegum frjálsra félagasamtaka, nema þau veiti þjónustu sem er nauðsynleg almenningi eða þjónustu sem beinist sérstaklega að þörfum fatlaðs fólks.

3. gr.

Orðskýringar

Í lögum þessum hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér segir:

- Hljóð- og/eða myndefni:** Efni af eftirfarandi gerð: eingöngu hljóðefni, eingöngu myndefni, hljóð- og myndefni, eða gagnvirk hljóð- og/eða myndefni.
- Opinber aðili:** Ríkis-, svæðis- eða staðaryfirvald og aðilar sem heyra undir opinberan rétt, eins og þeir eru skilgreindir í lögum um opinber innkaup.
- Smáforrit fyrir fartæki:** Notkunarhugbúnaður sem er hannaður og þróaður af eða fyrir hönd opinberra aðila, til notkunar fyrir almenning á fartækjum eins og snjallsímum eða spjaldtölvum.

II. KAFLI

Kröfur og skyldur

4. gr.

Aðgengiskröfur

Opinberir aðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera vefsetur sín og smáforrit fyrir fartæki aðgengileg með því að gera þau skynjanleg, nothæf, skiljanleg og traust.

5. gr.

Óhófleg byrði

Opinberir aðilar skulu uppfylla aðgengiskröfur skv. 4. gr. að því marki sem þær verða þeim ekki óhófleg byrði.

Við mat á því hvort um óhóflega byrði sé að ræða skal tekið tillit til stærðar, auðlinda og eðlis viðkomandi opinbers aðila, ásamt áætluðum kostnaði og ávinningi fyrir aðilann í tengslum við áætlaðan ávinning fyrir fatlað fólk.

6. gr.

Aðgengisyfirlýsing og endurgjöf

Opinberir aðilar skulu birta og uppfæra reglulega ítarlega, nákvæma og skýra yfirlýsingu um aðgengi á vefsetrum sínum og í smáforritum fyrir fartæki.

Í yfirlýsingunni skal, eftir því sem við á, koma fram útskýring á þeim hlutum efnisins sem eru ekki aðgengilegir, ástæður fyrir því og þeir aðgengilegu valkostir sem í boði eru.

Opinberir aðilar skulu koma á fót aðgengilegri leið fyrir notendur til að veita endurgjöf, tilkynna um vanefndir gagnvart aðgengiskröfum og biðja um upplýsingar sem eru undanskildar.

III. KAFLI

Eftirlit og framfylgd

7. gr.

Hlutverk vöktunaraðila og kærustjórnvalds

Vöktunaraðili annast tæknilega vöktun og leiðbeiningar samkvæmt lögum þessum.

Kærustjórnvald annast meðferð kærumála og úrskurðar um brot gegn ákvæðum laga þessara.

8. gr.

Reglubundið eftirlit og skýrslugjöf

Sá aðili sem fer með tæknilega vöktun skv. 7. gr. skal árlega framkvæma úttektir á úrtaki vefsetra og smáforrita opinberra aðila í samræmi við aðferðafræði sem ráðherra ákveður í reglugerð, sbr. 12. gr.

Niðurstöður hverrar úttektar skulu birtar opinberlega. Vöktunaraðili skal á þriggja ára fresti taka saman skýrslu um niðurstöður eftirlits og skila til Eftirlitsstofnunar EFTA.

9. gr.

Framfylgdarmálsmeðferð

Hver sá sem telur að opinber aðili uppfylli ekki kröfur laga þessara getur beint ábendingu til viðkomandi aðila skv. 6. gr.

Ef ekki er brugðist við ábendingu skv. 1. mgr. á fullnægjandi hátt innan hæfilegs frests er unnt að beina formlegri kvörtun til þess stjórnvalds sem fer með kærumál skv. 7. gr. Stjórnvald getur beint fyriræmum til opinbers aðila um að gera úrbætur innan hæfilegs frests.

10. gr.

Þvingunarúrræði

Sinni opinber aðili ekki fyriræmum kærustjórnvalds skv. 9. gr. innan tilsetts frests getur kærustjórnvaldið lagt dagsektir á viðkomandi aðila.

Dagsektir renna í ríkissjóð og falla niður þegar úrbætur hafa verið framkvæmdar að mati kærustjórnvalds.

IV. KAFLI Gildistaka o.fl.

11. gr.

Innleiðing á EES-gerð

Lög þessi eru sett til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2102 frá 26. október 2016 um aðgengi vefsetra opinberra aðila og smáforrita þeirra fyrir fartæki, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/2021.

12. gr.

Reglugerðarheimild

Ráðherra skal í reglugerð setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um:

1. Nánari afmörkun á undanþágum frá gildissviði laganna, sbr. 4. mgr. 1. gr. tilskipunar (ESB) 2016/2102.
2. Tæknilegar kröfur og staðla skv. 4. gr., þar á meðal með vísun í viðeigandi Evrópustaðla.
3. Skilyrði og formlegt ferli fyrir mat á óhóflegri byrði skv. 5. gr., þar á meðal um rökstuðning og birtingu ákvörðunar.
4. Form, lágmarksefni og birtingu aðgengisyfirlýsingar og fyrirkomulag endurgjafar skv. 6. gr.
5. Hlutverk og tilnefningu eftirlits- og framfylgdaraðila skv. 7. gr., þar á meðal að:
 - a. fela sérstakri starfseiningu eða ríkisaðila, sem starfar á ábyrgð ráðherra, hlutverk vöktunaraðila til að annast tæknilega vöktun og leiðbeiningar,
 - b. fela stjórnvaldi hlutverk kærustjórnvalds til að annast meðferð kærumála og úrskurða um brot.
6. Aðferðafræði fyrir eftirlit og skýrslugjöf skv. 8. gr., í samræmi við framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1524.
7. Málsmeðferðarreglur og fresti í framfylgdarmálsmeðferð skv. 9. gr.
8. Viðbótarráðstafanir ríkisins til að stuðla að þjálfun og aukinni vitund um aðgengismál.
9. Fyrirmynd að aðgengisyfirlýsingu í samræmi við framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1523.
10. Fjárhæð, útreikning, álagningu og innheimtu dagsekta skv. 10. gr.

13. gr.

Gildistaka

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2026. Ákvæði laganna koma til framkvæmda sem hér segir:

1. Fyrir vefsetur opinberra aðila sem birt voru eftir 1. janúar 2015: 1. júlí 2026.
2. Fyrir önnur vefsetur opinberra aðila: 1. janúar 2027.
3. Fyrir smáforrit opinberra aðila fyrir fartæki: 1. júlí 2027.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið í fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Frumvarpinu er ætlað að innleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2102 frá 26. október 2016 um aðgengi vefsetra opinberra aðila og smáforrita þeirra fyrir fartæki (hér eftir nefnd

vefaðgengistilskipunin). Með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/2021 var tilskipunin felld inn í XI. viðauka EES-samningsins. Alþingi veitti heimild til staðfestingar ákvörðunarinnar með þingsályktun nr. 11/153 (pskj. 1683, 805. mál á 153. löggjafarþingi).

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Í nútímasamfélagi fer sívaxandi hluti samskipta og þjónustu hins opinbera við almenning fram með stafrænum hætti. Aðgengi að upplýsingum og þjónustu á vefsetrum og í smáforritum fyrir fartæki er orðið mikilvægur þáttur fyrir virka þátttöku í samfélaginu. Skortur á samræmdum, lögbodnum kröfum um aðgengi getur leitt til þess að stafræn þjónusta hins opinbera uppfylli ekki alltaf þarfir allra notendahópa.

Segja má að með frumvarpi þessu sé verið að útfæra réttindi og skyldur sem þegar eru til staðar í íslenskum rétti. Þær kröfur sem frumvarp þetta gerir um aðgengi að vefsetrum og smáforritum eru ekki með öllu nýjar af nálinni í íslensku stjórnsýslu- og réttarumhverfi. Ríkisstjórn Íslands samþykkti þegar í október 2012 stefnu um aðgengi fyrir opinbera vefi sem byggði á alþjóðlega staðlinum WCAG 2.0 AA. Sá staðall er eldri útgáfa þeirra tæknilegu krafna sem vefaðgengistilskipunin og þetta frumvarp kveða á um. Markmiðið með stefnunni frá 2012 var að tryggja aðgengi m.a. fyrir blinda og sjónskerta og var gert ráð fyrir að innleiðingu hennar yrði lokið fyrir 1. janúar 2015.

Þá eiga kröfurnar í frumvarpinu sér einnig stoð í gildandi löggjöf. Samkvæmt lögum nr. 85/2018 um jafna meðferð utan vinnumarkaðar er hvers kyns mismunur vegna fötlunar óheimil á öllum sviðum samfélagsins. Í lögnum er sérstaklega kveðið á um bann við mismunur í tengslum við aðgang að þjónustu sem er í boði fyrir almenning. Þar er jafnframt lögð sú skylda á opinbera aðila að gera nauðsynlegar og viðeigandi breytingar og lagfæringar, svokallaða „viðeigandi aðlögun“, til að tryggja fötluðu fólki jafnan aðgang að samfélaginu. Líta má svo á að ákvæði þessa frumvarps séu tæknileg útfærsla og skýring á þessari lögbodnu skyldu.

3. Meginefni frumvarpsins.

Við undirbúning frumvarpsins var tekin ákvörðun um að setja löggjöfina fram sem rammalöggjöf. Þetta þýðir að meginreglur, svo sem markmið, gildissvið og grundvallarskyldur opinberra aðila eru festar í lög. Nánari útfærsla á tæknilegum kröfum, afmörkun á undanþágum og framkvæmd eftirlits er hins vegar falin ráðherra, sem setur um það reglugerð á grundvelli heimildar í lögnum.

Með þessari aðferð er ætlunin m.a. að tryggja svigrúm til að bregðast við hraðri tækniþróun á sviði stafrænnar þjónustu. Tæknilegir staðlar, svo sem Evrópustaðallinn EN 301 549, taka reglulegum breytingum. Ef slíkir staðlar og ítarlegar tæknilegar undanþágur væru lögfestar að fullu myndi það krefjast tímafrekrar lagabreytingar í hvert sinn sem uppfæra þyrfti reglur til samræmis við nýjustu tækni eða alþjóðlegar kröfur. Með því að hafa þessi atriði í reglugerð er hægt að tryggja að regluverkið sé ávallt í takt við bestu þekkingu án óþarfa tafa.

Þessi aðferð er í samræmi við þá leið sem önnur Norðurlönd hafa farið við innleiðingu tilskipunarinnar. Sem dæmi má nefna að Noregur innleiddi tilskipunina með ákvæðum í lögum um jafnrétti og bann við mismunur þar sem ráðherra er veitt víðtæk heimild til að útfæra tæknilegar kröfur og undanþágur í reglugerð.

Til að tryggja virka framfylgd laganna er kveðið á um skyldu til reglubundinnar vöktunar og skýrslugjafar til Eftirlitsstofnunar EFTA í 8. gr. og heimild fyrir kærustjórnvald til að leggja á dagsektir í 10. gr. ef fyrirmælum um úrbætur er ekki sinnt.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Frumvarpið samrýmist ákvæðum stjórnarskrár, m.a. jafnræðisreglu 65. gr. Það samræmist jafnframt skuldbindingum Íslands samkvæmt EES-samningnum og samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

5. Samráð.

Áform um lagasetningu voru birt í samráðsgátt stjórnvalda þann 16. september 2025 (mál nr. 170/2025) og bárust umsagnir frá þremur réttindagæslusamtökum og einum einstaklingi. Í öllum umsögnum var frumvarpinu fagnað og markmið þess um lögfestingu stafræns aðgengis studd heilshugar.

Áhersla var lögð á mikilvægi þess að eftirlit yrði virkt og vel fjármagnað. Þá var bent á að atriði sem snúa að aðgengi að rafrænni auðkenningu.

Frumvarpsdrögin verða birt til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda.

6. Mat á áhrifum.

Frumvarpið er talið hafa afgerandi jákvæð samfélagsleg áhrif. Helsti ávinningurinn felst í því að tryggja grundvallarréttindi fatlaðs fólks til jafns aðgangs að upplýsingum og þjónustu, til að auðvelda virka þátttöku í stafrænu samfélagi. Lögin munu einnig gagnast öðrum hópum, svo sem eldri borgurum, fólki með lesblindu og einstaklingum með tímabundnar skerðingar, þar sem þau gera stafræna þjónustu einfaldari og skýrari í notkun fyrir alla. Þá eru áhrifin á atvinnulífið, sérstaklega fyrirtæki í upplýsingatækni, metin jákvæð þar sem samræmdar kröfur auka fyrirsjáanleika.

Að því sögðu hefur lagasetningin í för með sér kostnað fyrir hið opinbera sem skiptist í tvo meginflokka:

Viðbótarkostnaður: Í fyrsta lagi er um að ræða beinan viðbótarkostnað. Annars vegar er það varanlegur árlegur rekstrarkostnaður vegna nýs eftirlits, áætlaður á bilinu 10–23 m.kr., og hins vegar tímabundinn einskiptiskostnaður vegna nauðsynlegra tæknilegra úrbóta hjá fáum aðilum, áætlaður á bilinu 38–76 m.kr..

Vinnuframlag starfsfólks: Í öðru lagi er um að ræða kostnað sem felst í vinnuframlagi núverandi starfsfólks hjá opinberum aðilum. Sá kostnaður krefst ekki endilega nýrra útgjalda úr ríkissjóði en felur frekar í sér innri tilfærslu á vinnuafli og eftir atvikum breytta forgangsroðun verkefna.

Þrátt fyrir að frumvarpið hafi í för með sér kostnað er talið að samfélagslegur ávinningur af auknum jöfnuði, þátttöku allra og bættri opinberri þjónustu sé mun meiri.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin skilgreinir meginmarkmið laganna sem er að tryggja aðgengi allra, einkum fatlaðs fólks, að stafrænni þjónustu og upplýsingum hins opinbera. Markmiðið endurspeglar 1. gr. tilskipunarinnar. Tilskipunin hefur einnig víðtækara efnahagslegt markmið. Með því að samræma kröfur um aðgengi milli aðildarríkja er stefnt að því að rjúfa hindranir á innri markaðnum. Samræmdar reglur draga úr óvissu fyrir hugbúnaðar- og vefhönnuði, einfalda þróun og markaðssetningu á aðgengislausnum yfir landamæri og stuðla þannig að aukinni samkeppni og nýsköpun. Fyrir opinbera aðila ætti það að leiða til lægri kostnaðar og aukins framboðs á vörum og þjónustu sem tengjast vefaðgengi. Lögin þjóna því tvíþættum tilgangi: að tryggja grundvallarréttindi borgaranna og að efla virkni innri markaðarins.

Um 2. gr.

Í greininni er gildissvið laganna afmarkað. Undanþágurnar sem taldar eru upp endurspeгла ákvæði 3. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar. Röksemdirnar að baki þeim eru eftirfarandi:

Útvarpsrekendur í almannapágu: Í formálsorðum tilskipunarinnar kemur fram að réttur fatlaðs fólks til aðgangs að hljóð- og myndmiðlunarþjónustu sé mikilvægur en réttara sé að kveða á um hann í sérlægum um fjölmiðla. Þetta er gert til að tryggja jafna samkeppnisstöðu við einkarekna útvarpsrekendur, sem falla utan gildissviðs þessarar tilskipunar.

Frjáls félagasamtök: Markmiðið með þessari undanþágu er að forðast að leggja óhóflega byrði á samtök sem byggja oft á sjálfbærliðastarfi og hafa takmörkuð fjárráð. Undanþágan gildir þó ekki ef samtökin veita þjónustu sem er nauðsynleg almenningi eða þjónustu sem beinist sérstaklega að þörfum fatlaðs fólks. Í slíkum tilvikum er talið að rétturinn til aðgangs vegi þyngra.

Auk þeirra undanþága sem fram koma í 2. gr. er í 4. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar að finna lista yfir tilteknar tegundir efnis sem undanskildar eru gildissviðinu. Þar er meðal annars um að ræða eldri skrifstofuskjöl, kort sem ekki eru til leiðsagnar og efni frá þriðja aðila sem opinberir aðilar hvorki fjármagna né stjórna. Ráðherra er í 1. tölul. 12. gr. falið að útfæra þessar undanþágur nánar í reglugerð.

Í 4. mgr. 1. gr. vefaðgengistilskipunarinnar er aðildarríkjum veitt heimild til að undanskilja vefsetur og smáforrit skóla og leikskóla frá gildissviði laganna. Við undirbúning frumvarpsins var tekin ákvörðun um að nýta þessa undanþáguheimild ekki.

Sú ákvörðun byggir á því mati að samfélagslegur ávinningur af því að tryggja fullt og jafnt stafrænt aðgengi fyrir alla vegi mun þyngra en sá viðbótarkostnaður sem af kann að hljóta. Stafræn þjónusta er orðin órjúfanlegur hluti af nútíma skólastarfi, allt frá miðlun námsefnis og upplýsinga til samskipta milli heimilis og skóla. Að tryggja aðgengi að þessum kerfum er mikilvæg forsenda fyrir jöfnum tækifærum til náms og virkrar þátttöku allra, óháð fötlun.

Jafnframt er rétt að árétta að ákvæði 5. gr. frumvarpsins um „óhóflega byrði“ gildir einnig um skóla og leikskóla. Það ákvæði kemur í veg fyrir að gerðar verði ósanngjarnar kröfur til minni skóla eða rekstraraðila þeirra, þar sem kostnaður við úrbætur er augljóslega í engu samræmi við stærð þeirra og fjárhag. Með þessu er leitast við að ná fram markmiðum laganna um jafnt aðgengi án þess að leggja of miklar byrðar á þá opinberu aðila sem reka skólastarfsemi.

Um 3. gr.

Í greininni eru skilgreind lykilhugtök laganna. Til að tryggja fyllsta samræmi við tilskipunina og koma í veg fyrir hvers kyns vafa um ofinnleiðingu eru skilgreiningarnar byggðar náið á þeim sem fram koma í 3. gr. tilskipunarinnar og í formálsorðum hennar.

Opinber aðili: Skilgreiningin er færð nákvæmlega til samræmis við þá skilgreiningu sem vísað er til í tilskipuninni sjálfri. Tilskipunin vísar í skilgreiningu á „aðilum sem heyra undir opinberan rétt“ í tilskipun um opinber innkaup (2014/24/ESB) og er sú leið því farin hér til að tryggja rétta afmörkun gildissviðsins.

Smáforrit fyrir fartæki: Skilgreiningin tekur til notkunarhugbúnaðar sem hannaður er fyrir almenning, svo sem á snjallsímum og spjaldtölvum. Hún nær hins vegar hvorki yfir stýrikerfi tækjanna sjálfra (eins og iOS eða Android) né vélbúnaðinn. Þannig er ábyrgð opinberra aðila afmörkuð við þann hugbúnað sem þeir sjálfir þróa eða láta þróa fyrir sig. Mikilvægt er að hafa í huga að kröfurnar beinast að smáforritum sem eru ætluð og aðgengileg stórum hluta almennings, en ekki forritum sem eru þróuð fyrir lokaða hópa eða til sérstakra nota í afmörkuðu umhverfi.

Hljóð- og/eða myndefni: Hér er um að ræða efni sem spilast yfir tíma, hvort sem það er eingöngu hljóð, eingöngu mynd, sambland af þessu tvennu eða gagnvirkir efni. Í tilskipuninni er gerður mikilvægur greinarmunur á útsendingarmáta efnisins. Beinar útsendingar (streymi) eru undanþegnar kröfum á meðan á útsendingu stendur. Hins vegar, eftir að beinni útsendingu lýkur, telst efnið hafa verið upptekið fyrirfram (e. pre-recorded) og ber þá að gera það aðgengilegt innan hæfilegs frests, sem að jafnaði ætti ekki að vera lengri en 14 dagar.

Um 4. gr.

Greinin lögfestir kjarnaskyldu laganna í samræmi við 4. gr. tilskipunarinnar. Í formálsorðum tilskipunarinnar segir að hún byggi á fjórum grunnreglum sem eru hornsteinn alþjóðlegra staðla um vefaðgengi:

Skynjanleiki: Upplýsingar og notendaviðmót verða að vera sett fram þannig að notendur geti skynjað þau, t.d. með því að bjóða upp á textalýsingar með myndum fyrir skjálesara.

Nothæfi: Notendaviðmót verður að vera nothæft. Í dæmaskyni má nefna að samkvæmt núgildandi stöðlum þýðir það, meðal annars, að hægt sé að stjórna öllum aðgerðum með lykklaborði eingöngu.

Skiljanleiki: Upplýsingar og notkun viðmótsins verða að vera skiljanleg. Þetta felur í sér að texti sé læsilegur og fyrirsjáanlegt sé hvernig viðmótið virkar.

Traust: Efnið þarf að vera nægilega traust til að ólík tæki og hjálpartækni (e. assistive technologies), bæði núverandi og framtíðar, geti túlkað það á áreiðanlegan hátt.

Þessar meginreglur verða útfærðar nánar í tæknilegum stöðlum sem vísað verður til í reglugerð.

Um 5. gr.

Ákvæðið um óhóflega byrði innleiðir 5. gr. tilskipunarinnar og veitir opinberum aðilum nauðsynlegan sveigjanleika. Mikilvægt er að undirstrika að þetta er undantekningarheimild sem ber að beita með varúð. Í formálsorðum tilskipunarinnar er fjallað um hvað getur talist lögmæt ástæða og hvað ekki.

Við mat á óhóflegri byrði skal líta til þess hvort úrbætur myndu leggja óhóflega skipulagslega eða fjárhagslega byrði á stofnun eða stofna í hættu getu hennar til að þjóna tilgangi sínum. Aftur á móti teljast skortur á forgangsöröðun, tíma eða þekkingu ekki lögmæt ástæður til að bera fyrir sig óhóflega byrði.

Opinber aðili sem nýtir sér undantekninguna þarf að framkvæma og skrásetja formlegt mat og útskýra í aðgengisyfirlýsingu hvaða hlutar efnisins eru ekki aðgengilegir og bjóða fram aðgengilega valkosti þar sem því verður við komið.

Um 6. gr.

Í greinni eru lagðar tvær mikilvægar skyldur á opinbera aðila í samræmi við 7. gr. tilskipunarinnar:

Að birta aðgengisyfirlýsingu: Hlutverk hennar er að veita notendum skýrar upplýsingar um aðgengisstöðu vefseturs eða smáforrits. Yfirlýsingin er ekki aðeins umfjöllun um stöðuna heldur einnig verkfæri fyrir notendur, þar sem fram eiga að koma útskýringar á því efni sem ekki er aðgengilegt og, ef unnt er, aðrir aðgengilegir valkostir.

Að gera notendum kleift að veita endurgjöf: Þetta er virk samskiptaleið fyrir notendur. Hún er ekki eingöngu til að tilkynna um villur, heldur einnig til að notendur geti óskað eftir aðgangi að efni sem er undanskilið gildissviði laganna eða fellur undir ákvæði um óhóflega byrði.

Opinberum aðila ber skylda til að veita viðunandi svör við slíkum beiðnum innan hæfilegs tíma.

Um 7. gr.

Í greininni eru skilgreind þau tvö lykilhlutverk sem nauðsynleg eru fyrir eftirlit og framfylgd laganna. Annars vegar er um að ræða vöktunaraðila, sem annast tæknilegt eftirlit, og hins vegar kærustjórnvald, sem meðhöndlar formlegar kvartanir. Með því að skilgreina hlutverkin í lögum en fela ráðherra að tilnefna handhafa þeirra í reglugerð, sbr. 5. tölul. 12. gr., er tryggður nauðsynlegur sveigjanleiki til að fela verkefnið þeim aðilum sem best eru til þess fallnir á hverjum tíma. Til greina kemur að Umbra – þjónustumiðstöð stjórnarráðsins annist vöktun og Kærunefnd jafnréttismála meðferð kærumála, en endanlegt fyrirkomulag verður útfært nánar í reglugerð að undangengnu samráði við viðeigandi aðila.

Um 8. gr.

Greinin lögfestir tvær af grundvallarskyldum tilskipunarinnar sem fram koma í 8. gr. hennar. Annars vegar er það skylda til að framkvæma reglubundnar úttektir og hins vegar skylda til að skila skýrslu um niðurstöður til Eftirlitsstofnunar EFTA.

Um 9. gr.

Í greininni er kveðið á um framfylgdarmálsmeðferð skv. 9. gr. tilskipunarinnar. Kveðið er á um tveggja þrepa ferli þar sem notandi getur fyrst beint ábendingu til opinbers aðila og ef það skilar ekki árangri, beint formlegri kvörtun til kærustjórnvalds.

Um 10. gr.

Með greininni er komið á fót nauðsynlegu þvingunarúrræði til að tryggja að lögum þessum verði framfylgt. Án heimildar til að beita viðurlögum á borð við dagsektir væru fyrirmæli kærustjórnvalds um úrbætur marklaus. Dagsektir eru stjórnsýsluviðurlög en ekki refsikennd úrræði og er þeim ætlað að knýja fram úrbætur. Við álagningu þeirra ber kærustjórnvaldi að gæta að öllum meginreglum stjórnsýsluréttar, þar á meðal meðalhófsreglunni. Nánari ákvæði um fjárhæð, útreikning, álagningu og innheimtu dagsekta verða sett í reglugerð, sbr. heimild í 10. tölul. 12. gr.

Um 11. gr.

Greinin tilgreinir þá tilskipun sem lögin innleiða.

Um 12. gr.

Í greininni er að finna heildstæða heimild fyrir ráðherra til að útfæra nánar framkvæmd laganna í reglugerð. Heimildin nær í fyrsta lagi til þeirra atriða sem mynda tæknilegan kjarna laganna. Þar er ráðherra falið að skilgreina nánar þær tæknilegu kröfur og staðla sem opinberir aðilar skulu uppfylla (2. tölul.), en þær munu byggja á Evrópustaðlinum EN 301 549 eins og kveðið er á um í tilskipuninni. Einnig er gert ráð fyrir nánari afmörkun á þeim undanþágum fyrir efni sem heimilaðar eru í tilskipuninni (1. tölul.) og skilyrðum fyrir mati á óhóflegri byrði (3. tölul.).

Í öðru lagi er ráðherra falið að koma á fót ramma um stjórnsýslulega framkvæmd laganna. Þar er mikilvægust heimild til að tilnefna með reglugerð þá aðila sem fara með hlutverk vöktunaraðila og kærustjórnvalds skv. 7. gr. (5. tölul.), en sú heimild var áður í 7. gr. laganna.

Einnig eru settar fram heimildir til að útfæra nánar reglur um aðgengisyfirlýsingar (4. og 9. tölul.), aðferðafræði eftirlits (6. tölul.) og málsmeðferðarreglur (7. tölul.).

Loks eru í greininni heimildir sem lúta að framfylgd og stuðningsaðgerðum. Þar er kveðið á um heimild til að setja nánari reglur um dagsektir, þar á meðal fjárhæð, útreikning, álagningu og innheimtu (10. tölul.). Jafnframt er kveðið á um heimild til að setja reglur um viðbótarráðstafanir ríkisins til að stuðla að þjálfun og aukinni vitund, en sú skylda er lögð á aðildarríki í 7. gr. tilskipunarinnar (8. tölul.).

Um 13. gr.

Greinin fjallar um gildistöku. Gildistaka í áföngum veitir opinberum aðilum nauðsynlegan aðlögunartíma til að uppfylla kröfur laganna og vöktunaraðila að koma sér upp nauðsynlegum innviðum. Gert er ráð fyrir skemmri aðlögunartíma fyrir vefsetur sem var búið að koma á laggirnar 1. janúar 2015, en við það tímamark var gert ráð fyrir að öll vefsetur uppfylltu skilyrði samkvæmt aðgengisstefnu sem var samþykkt af ríkisstjórn í október árið 2012.